

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um samstarf um tónlistarnám og fjölda nemenda í tónlistarnámi

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 19. september 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks:

Í stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms er kveðið á um að hvatt verði til aukins samstarfs ólíkra stofnanagerða þ.e grunnskóla, tónlistarskóla, skólahjónsveita og annarra starfsstaða á skóla- og frístundasviði auk menningarstofnana. Óskað er upplýsinga um hvernig gengið hefur að koma á slíku samstarfi og hversu margir grunnskólar eru í samstarfi við tónlistarskóla. Þá er óskað upplýsinga, sundurliðað eftir hverfum, hversu margir reykvískir nemendur stunda tónlistarnám við tónlistarskóla og í skólahjónsveitum.

Svar:


Í innleiðingaráætlun með stefnu um Framtíðarskipan tónlistarnáms í borginni eru tilteknaðar aðgerðir sem snúa að auknu samstarfi ólíkra stofnana á sviði tónlistarmenntunar barna. Stöðumat á innleiðingu stefnunnar verður lagt fram í byrjun árs 2023. Í könnun sem lögð var fyrir skólastjórnendur vorið 2022 kom í ljós að 15 grunnskólar af 38 eru í formlegu samstarfi við tónlistarskóla eða um 42% grunnskóla í borginni. Fjöldmörg dæmi eru um samstarf en algengast er að tónlistarskólar fái aðstöðu til að kenna á hljóðfæri á skólatíma. Auk þess eru nokkur dæmi um aðkeypta kennslu í tengslum við ýmis tónlistartengd verkefni á borð við upptökutækni og hjónsveitarval. Formlegur samningur er í gildi milli skóla- og frístundasviðs og Tónlistarskóla Árbæjar varðandi hópkennslu í hljóðfæraleik í Árbæjarskóla á skólatíma og gildir árin 2022-2023. Kennir á skólatíma án endurgjalds. Kennir á píanó og gítar. Auk þess sem 27 grunnskólar fá markvissar hljóðfærakynningar frá tónlistarskólum að minnsta kosti einu sinni á skólaári eða tæp 76%. Skólahjónsveitir eru einnig í markvissu samstarfi við grunnskóla og stendur hljóðfærakennsla til boða í öllum grunnskólum borgarinnar fyrir nemendur í skólahjónsveitum. Mismunandi er hversu formlegt samstarfið er milli grunnskóla og skólahjónsveita en 24 skólar (70%) eru með formlegt samstarfsplagg við skólahjónsveitir en í 10 skólum (30%) er um óformlegt samstarf að ræða. Auk þess fá 27 grunnskólar (73%) hljóðfærakynningar frá skólahjónsveitum að minnsta kosti árlega. Unnið verður áfram að því að formgera betur samstarf milli þessa aðila um alla borg í samræmi við þá aðgerðaráætlun sem unnið er samkvæmt með stefnunni.

Alls eru 17 tónlistarskólar með þjónustusamning við Reykjavíkurborg ásamt því sem borgin rekur tónlistarskóla í Klébergsskóla á Kjalarnesi. Nýjustu gögn frá tónlistarskólum eru fyrir skólaárið 2021-2022. Samtals stunduðu 2.123 nemendur á grunnskólaaldri (6.-16.ára)




tónlistarnám í Tónlistarskólum Reykjavíkur á síðasta skólaári eða um 14%. Staðan er þó mismunandi milli borgarhluta eins og sjá má á meðfylgjandi myndum.

Mynd 1. Nemendafjöldi í tónlistarskólum eftir borgarhlutum skólaárið 2021-2022




Mynd 2. Hlutfall barna á grunnskólaaldri og hlutfall tónlistarnema eftir borgarhlutum¹



¹ Á myndinni er samtala barna í tónlistarskólum úr ólíkum borgarhlutum 94%. Ástæðan er sú að um 6% barna á grunnskólaaldri sem nema í tónlistarskólunum í Reykjavík koma úr öðrum bæjarfélögum.




Mynd 3. Hlutfall barna í tónlistarnámi af fjölda barna á grunnskólaaldri eftir borgarhlutum




Í Reykjavík eru starfandi fjórar skólahljómsveitir. Skólahljómsveit Vesturbæjar- og Skólahljómsveit Austurbæjar, Skólahljómsveit Árbæjar-og Breiðholts og Skólahljómsveit Grafarvogs. Haustið 2022 stunda 583 nemendur nám við skólahljómsveitirnar borgarinnar. Á meðfylgjandi myndum má sjá hlutfall nema úr ólíkum borgarhlutum í hverri skólahljómsveit. Athugið að ekki er hægt að leggja saman hlutfall sem stundar nám í tónlistarskóla annarsvegar og skólahljómsveit hins vegar þar sem ekki er hægt að útiloka að sömu nemendur stundi í einhverjum tilvikum nám á báðum stöðum.

Mynd 4. Nemendur við Skólahljómsveit Austurbæjar eftir borgarhlutum






Mynd 5. Nemendur við Skólahljómsveit Árbæjar- og Breiðholts eftir borgarhlutum



Mynd 6. Nemendur við Skólahljómsveit Grafarvogs eftir borgarhlutum





Mynd 7. Nemendur við Skólahljómsveit Vesturbæjar- og Miðbæjar eftir borgarhlutum

